

## Frá Skinnastaðarkirkju:

Fjölskylduguðsþjónusta með léttu sniði verður í kirkjunni næstkomandi sunnudag, 12. mars kl. 14.00.

Brúðuvinir koma í heimsókn og fleira skemmtilegt.

Verið öll velkomin !

Sóknarprestur

## Aðalfundur UMF Austra

Aðalfundur UMF Austra verður haldinn í grunnskólanum, fimmtudaginn 9. mars kl. 16:30.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

Við viljum hvetja alla sem áhuga hafa á íþrótt- og æskulýðsstarfi að mæta.

Heitt verður á könnunni.

*Stjórn UMF Austra.*



## Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á [skeglan@simnet.is](mailto:skeglan@simnet.is) ef þið viljið vera á póstlistanum.

### Skeglan

**Skeglan** kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið [skeglan@simnet.is](mailto:skeglan@simnet.is) eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 15. mars 2017.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heil síða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

# Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni  
10. tbl. 8. árg. Miðvikudagur. 8. mars 2017



MENNINGARMIÐSTÖÐ PINGEYINGA  
SNARTARSTAÐIR

## Sumarstarf í Byggðasafni Norður-Pingeyinga á Snartarstöðum

Auglýst er eftir starfsmanni/mönnum frá 1. júní – 31. ágúst. Byggðasafn Norður-Pingeyinga á Snartarstöðum er opið alla daga á því tímabili frá 13-17.

Verkefni: Móttaka gesta og leiðsögn um sýningu, afgreiðsla á veitingum, þrif.

Viðkomandi þarf að hafa vera orðinn 20 ára, hafa áhuga á sögu svæðisins, vera fær í mannlegum samskiptum og hafa góða færni bæði í íslensku og ensku. Ýmsar útfærslur eru mögulegar á starfinu, hugsanlega geta tveir aðilar skipt því nokkuð jafnt á milli sín. Einnig getur einn aðili sinnt því að mestu leyti.



Laun eru greidd eftir kjarasamningum Framsýnar við samninganefnd sveitarfélaga 1. maí 2015-31. mars 2019

Umsóknarfrestur er til 2. apríl. Umsóknir skal senda á netfangið [safnahus@husmus.is](mailto:safnahus@husmus.is)

Nánari upplýsingar gefur Sif Jóhannesdóttir forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Pingeyinga í síma 464 1860 eða í tölvupósti: [safnahus@husmus.is](mailto:safnahus@husmus.is)

## BEINT FLUG FRÁ AKUREYRI 2017

### Gdansk Póllandi

19. - 23. apríl

Hansaborgin Gdansk er elsta og fallegasta borg Póllands og þó víða væri leitað. Saga hennar nær aftur til ársins 997. Þetta er borg með mikla sögu en hún var helsta vigi Hansakaupmanna í Evrópu. Glæsilegur arkitektúr, form menning og fjölmargar tónlistarhátíðir hafa gert borgina við floann að vinsælustu ferðamannborg Póllands.



MIKID AF SÆTUM SELDI!

**Verð á mann 98.900** í 2ja manna herb.  
Innifalið: Flug, hótél með morgunmat, íslenskur fararstjóri og rúta til og frá flugvelli.

### Edinborg Skotlandi

5. - 8. október

Heimsæktu höfuðborg Skotlands með sinn glæsilega arkitektúr, einstakt umhverfi, úrval kaffihúsa og veitingastaða og auðvitað verslanna þar sem gott vöruúrval og góð verð fara saman. Edinborg er á minjaskrá UNESCO. Skemmtilegar skoðunarferðir í boði.

**Verð á mann 105.900** í 2ja manna herb.  
Flug, hótél með morgunmat, íslenskur fararstjóri, rúta til og frá flugvelli.

**ATH!**  
Fengum fleiri sæti svo við eigum laust til Edinborgar **19. - 23. apríl**

Verð 114.500 kr. á mann í 2ja manna herbergi

### Dubrovnik Króatía

13. - 16. október

Dubrovnik - perlan við Adríahafid. Borgin Dubrovnik er talin ein fegursta borg veraldar og má rekja upphaf hennar allt til 7. aldar. Borgin er heimspekk, mikid til vegna þáttanna Games of Thrones sem teknir hafa verið í borginni og aukid á frægð hennar. Dubrovnik er staðsett í Suður hluta Króatíu eða við Adríahafid, veður er þar gott náranst allt árið, í sept./okt. má búast við um og yfir 20°C. Allt umhverfi borgarinnar er töfrum líkast, kristaltær sjórin er eyjarnar úti fyrir ströndum og skógi vaxnar hlíðarnar. Fallegar strendur eru við borgina, enda er hún ekki síður vinsæl sem sólarlandastaður. Meðalhiti 20°C.

TÖLUVERT AF SÆTUM SELDI!



**Verð á mann 111.287** í 2ja manna herb.  
Innifalið: Flug, hótél með morgunmat, íslenskur fararstjóri, rúta til og frá flugvelli.

Allar borgirnar hafa flest það sem ferðamaðurinn gírnist, hagstætt verðlag bæði í mat og drykk. Þá er hægt að gera góð kaup í hinum ýmsu verslunum og mörkuðum. Einnig bjóðum við uppá spennandi skoðunarferðir:

**Beint flug frá Keflavík**  
Glæsilegar borgir í A-Evrópu  
Budapest, flogið tvisvar í viku allt árið  
12.-19. júní, verð 137.000 á mann,  
miðað við 2 í herbergi ó sæti eftir  
Gdansk, flogið tvisvar í viku allt árið  
Warsjá, flogið tvisvar í viku allt árið  
Riga, flogið tvisvar í viku maí - október

**Sumarið 2017**

Vikufærðir frá 137.000 kr. á mann í 2ja manna herb.



**Trans - Atlantic**  
Sími 588 8900

[www.transatlantic.is](http://www.transatlantic.is)



# MÁFAHÁTÍÐ Á HÚSAVÍK

## 9.-10. MARS 2017



### OPIN DAGSKRÁ 9. MARS:

12:00-13:00

- Sveitarstjóri Norðurlþings, Kristján Þór Magnússon, setur hátíðina í fyrirlastrasal Hvalasafnsins. Léttar veitingar í boði Norðurlþings.
- Tormod Amundsen, forsprakki rómaðrar Máfahátíðar í Vardö í Noregi, segir frá tilurð hennar og gagnsemi.

20:00-22:00

Kvölddagskrá Máfahátíðarinnar í Safnahúsinu:

- Darren Woodhead, heimspekkur fuglalistmálari, malar fuglana okkar og segir frá listsköpun sinni.
- Yann Kolbeinsson, starfsmaður Náttúrustofu Norðausturlands, afhjúpar líf máfanna – hvað er máfur?
- Tormod Amundsen segir frá undraverðri uppbyggingu fuglaskoðunar í Varanger í Norður-Noregi og möguleikum okkar á því sviði.

Tilboð um gistingu til gesta hjá Hótel Húsavíkurhöfða:  
Eins manns herbergi kr. 9.000 | Tveggja manna herbergi kr. 12.000



Fuglastígur  
á Norðurlandi



biotope  
ARCHITECTURE & NATURE



Aðrir styrktaraðilar: Hótel Húsavíkurhöfði, Sel-Hótel Mývatn

MENNINGARMIBSTÖÐ  
PINGEYINGA